

Ræða á Theodórsdegi á Hólum í Hjaltadal 20. apríl 2007

Það er afar vel til fundið að Sögusetur íslenska hestsins skuli hafa forgöngu um að setja upp sýningu til heiðurs minningu Theodórs Arnbjörnssonar frá Ósi fyrsta hrossaræktarráðunauts Búnaðarfélags Íslands. Í því sambandi ber svo sannarlega að halda því til haga að það er umfram annað höfðingsskap og ræktarsemi fjölskyldu Theodórs að þakka að þetta reynist unnt því húsgögn og munir þeir sem hér hafa verið látnir Sögusetrinu í té skapa sýningunni ómissandi umgjörð. Jafnframt er það þeim sem hér stendur hvoru tveggja í senn ánægja og heiður að fá tækifæri til að ávarpa ykkur góðir gestir af þessu tilefni.

Megin inntak þessa ávarps mun verða um ráðunautinn, rithöfundinn og fræðimanninn Theodór en vegna þess að þessi hlutverk öll en þó einkum og sér í lagi það fyrsta er svo samofið persónu þess sem í hlut á verður ekki hjá því komist að fjalla jafnframt nokkuð um manninn Theodór en ég mun reyna í þeim orðum sem ég segi hér að forðast að endurtaka um of það sem fram kom í máli Gerðar hér áðan.

Theodór Arnbjörnsson náði einungis að verða rétt rúmlega fimmtugur sem er stutt ævi en þó skilaði hann miklu dagsverki og sínu meira en margir þeir sem lengri ævina lifa og stendur frægðarsól hans hátt í takt við það. Lengri ævi hefði hins vegar fært meiri ávöxt í verkum og í framlagi þessa góða manns til mannlífsins bæði til handa ástvinum sem öðrum.

Theodór kenndi sig jafnan við fæðingarbæ sinn; Ós og var mikill Norðlendingur þó fyrir honum ætti að liggja eins og mörgum öðrum stór-Norðlendingum að lenda í að búa sunnan heiða. Ég sagði áðan Norðlendingur og það var Theodór svo sannarlega en umfram annað var hann þó Húnvetningur, bæði ættarlega séð og í vitund sinni eins og hægt er að lesa út úr skrifum hans. Í móðurætt var hann af bændaættum á Vatnsnesi og faðir hans var einnig ættaður úr sýslunni en í ættum hans komu fyrir þekktir stólpár, m.a. úr röðum embættismanna og sagt var að Theodóri kippti greinilega í kyn sitt „um skarpar og fjölhæfar gáfur og skörungsskap.“ Theodóri var jafnframt lýst sem miklum skapfestumanni eða karaktermanni eins og Steingrímur Steinþórsson búnaðarmálastjóri og síðar forsætisráðherra orðaði það í ýtarlegri minningargrein sem hann birti í Búnaðarritinu. Í dag myndum við kalla Theodór princip-mann enda sagði Steingrímur í sömu grein „að hvorki í smáu né stóru gat hann gert annað en það, sem hann hugði rétt vera.“ Geðstór maður var Theodór en um það atriði sagði Steingrímur: „En það ætla ég fárra geðríkra manna að hafa svo algert taumhald á skapi sínu sem Theodór hafði, hvernig sem á stóð.“ Síðan segir Steingrímur: „Hitt sáu menn ekki, og það mun ókunnuga síður hafa grunað, að þessi stórbrotni og heldur hrjúfi og hrikalegi maður átti svo viðkvæmt og hlýtt hjarta, að hann fann til með öllu því, sem við kvöl eða erfiðleika átti að stríða, jafnt hvort sem voru menn eða málleysingjar.“ Og ennfremur, „það var ekki samúð táplausa rolumennisins, sem lætur hana í ljósi með víli og voli, heldur hins dáðríka og fórnfúsa manns, sem ekki hikar við að taka á sig byrði hins lúna og gerast talsmaður hins varnarlausa.“ Mjög í sama streng er tekið í öðrum minningargreinum svo sem í grein eftir hinn kunna fræðimann Kolbein Kristinsson á Skriðulandi en hann gerir auk þess mikið úr því hve Theodóri var fjarri skapi að „villa á sér heimildir, eða sýnast meiri eða betri en hann var.“

Ásgeir L. Jónsson vatnsvirkjaráðunautur Búnaðarfélagsins til áratuga og sonur hins rómaða hestamanns Jóns Ásgeirssonar á Þingeyrum, skrifaði afar hjartnæma minningargrein um Theodór og ber þar að hafa í huga að vatnsvirkjaráðunauturinn var ekki kunnur fyrir tífíningasemi. Í greininni dregur hann upp glögga mynd af mannúðarmanninum Theodóri og velur greininni yfirskriftina *Vinur málleysingja og smælingja*. Þar varpar hann m.a. þessari spurningu fram: „Þetta land hefur átt marga góða hestamenn, en hversu margir þeirra munu undantekningarlaust hafa fylgt þeirri reglu Theodórs, hversu ferðalúinn sem hann kom í náttstað á ferðalögum sínum, að fylgja ávalt hesti sínum í hús?“

Theodór ólst upp á heimili foreldra sinna og bjó þar fram á fullorðinsár, hann hóf nám á Hólum haustið 1911 og lauk búfræðiprófi tveimur vetrum síðar, vann síðan um tveggja ára skeið heima en varð þá verkstjóri á skólabúinu á Hólum en Sigurður Sigurðsson, síðar búnaðarmálastjóri, var þá skólastjóri. Því næst festi Theodór kaup á jörð í Fljótum og hóf þar búskap vorið 1917 en brá búi 1919 og hóf um haustið nám við Landbúnaðarháskólann í Kaupmannahöfn, settist í lokadeild og las mest búfjárfræði. Sumarið eftir sneri hann heim og tók við ráðunauts starfi hjá Búnaðarfélagi Íslands en áður fór Theodór í kynnisferð um Skandinavíu til að kynna sér hrossarækt. Sigurður sem þá var orðinn búnaðarmálastjóri var hvatamaður þessarar stórbreytingar á lífshlaupi Theodórs. Fram til ársins 1928 gengdi Theodór starfi ráðunautar, bæði í sauðfjár og hrossarækt en þaðan í frá einungis í hrossarækt auk umsjónar með starfi fóðubirgðafélaganna og gjaldkeri BÍ var hann frá 1934 til lokadags. Í einu rita Sögufélags Skagfirðinga þar sem upplýsingar er m.a. að finna um lífshlaup Theodórs, segir : „Þessum störfum fylgdi að sjálfsögðu mikið vinnuálag, mikil ferðalög og fundahöld. Theodór lét ekki á sér festa þótt heilsuvill væri; kenndi snemma hjartaveilu, sem ágerðist er á ævina leið og vann á honum að lokum rúmlega fimmtugum, þá nýkomnum heim að enduðum vinnudegi. “ Næst er ýtarlega rakið í ritinu hverjum kostum Theodór var búinn til starfans og í beinu framhaldi kemur þessi gullvæga setning: „Opinber afskipti og landsráðunautur var ekki sjálfgefið fagnaðarefni öllum bændum“. Já hver kannast ekki við það jafnvel enn í dag?!

Theodóri og eiginkonu hans; Ingibjörgu Jakobsdóttur, varð ekki barna auðið en ólu upp tvö fósturbörn. Víða er á það minnst að mikið ástríki hafi verið með þeim hjónum og gagnkvæm virðing. Heima á Bólstað hafði Theodór og hús fyrir reiðhesta sína sem hann hélt með glæsibrag en hann átti alla tíð prýðilega hesta en það vitum við að góðir hestar eru ekki sjálfsprottnir og ekki heldur þó eðli þeirra bjóði upp á gæði. Þeir krefjast umhirðu, tamningar og þjálfunar.

Hér áðan vék ég að því hversu mikill Húnvetningur Theodór var og tryggur uppruna sínum. Hann kenndi sig þannig alla tíð við Ós, fæðingarbæ sinn einnig liggja eftir hann tvö ritverk sem bæði vitna um þessa miklu ræktarsemi í garð Húnaþings. Annað er nátengt hans megin fagi; búvísindunum en þó undir áhrifum frá menningarsögu og þjóðlegum fróðleik sem var Theodóri mikið hjartans áhugamál, hitt er algerlega úr þeim ranni. Fyrri verkið sem hér um ræðir er ritgerðin *Um búnað í Húnaþingi 1873-1922* sem upphaflega var flutt sem fyrirlestur á aðalfundi Búnaðarfélags Íslands sem fram fór á Blönduósi 24. júní 1925 og birtist í

Búnaðarritinu 1926. Hér er um stórfróðlega grein að ræða og er athyglisvert hvernig Theodór beitir tölulegum upplýsingum sem hann vinnur úr með skýrum hætti, þarna eins og víðar í skrifum sínum beitir Theodór svokallaðri lýsandi tölfræði og varpar þannig ljósi á þróun búskaparins í Húnaþingi á umræddu tímabili. Inn í þetta fléttar hann ýmislegan fróðleik, m.a. um mikilvægi búhygginda og hlutverks fódurbirgðafélaganna sem Theodór bar alla tíð mjög fyrir brjósti. Hæst flýgur Theodór þó þegar hann fjallar um kynbætur, einkum þó á hrossum og fé. Ekki er hægt að láta hjá líða að hafa eftir nokkur gullkorn úr greininni. Þannig segir á einum stað:

Ætíð hefir þótt nokkuð varið í að vita í eign sinni reiðhest, sem bæði væri fríður, góður og mikill; og láí ég síst þeim, er búa vel við þessa vini sína, og gera sitt ítrasta til að þeir verði sem mestir og bestir. Þrátt fyrir mörg mjög góð fordæmi í þessa átt, hefir þó stundum slæðst inn sá misskilningur, að miklast af hesti sínum, þó eigandinn hafi aldrei stutt hann til þroska. Eigandinn vildi skera upp fremdina, þó hann hefði aldrei sáð til hennar.

Þessi orð eiga ekki síður við í dag en þegar þau voru sögð. Eins er aðdáun Theodórs mikil á ungum og félitlum sjálfseignarbónda, Guðmundi í Holti í Svínadal sem síðar á lífsleiðinni braust til bjargálna en afréð á sínum tíma að selja ekki ungt gæðingefni sitt þrátt fyrir geypitilboð. Hesturinn varð síðar frábær og kunnur gæðingur og gekk undir nafninu Rútsstaða-Jarpur. Um það segir í ritgerðinni:

Jeg er líka sannfærður um, að Guðmundur rjeði þarna rjett, því jeg efast aldrei um, að ein af bestu gjöfunum, sem forsjónin getur gefið nokkrum manni, er afburða reiðhestur, hestur sem bæði er djarfur og frumlegur í senn, listfengur og mikill. Hann er manni hvíld og uppörfun, hann er bæði vinur og fjelagi, bergmál af hugsunum mannsins, hann er hluti af mannum andlega sjeð, og við þann hluta loðir aldrei nokkurt gróm, ekki minnsta fis. Þarna er því bæði fyrirmynd og fjelagi, sem gefur mannum drengilegar hugsjónir og hjálpar til að breyta þeim í veruleika

Þetta er sannarlega mikill óður til hestamenskunnar en fleira forvitnilegt er að finna í umræddri grein sem veitir mikið innsæi í hugrenningar Theodórs og skilning hans á eðli kynbóta. Þannig gerir hann á hnitilegan hátt grein fyrir sögu hrossabús sem Húnvetningar stóðu fyrir á Guðrúnarstöðum í Vatnsdal og var rekið sem hlutafélag. Nokkrir stóðhestar voru seldir frá búinu en þeir þóttu eins og Theodór orðaði það; „ekki svo góðir sem skyldi, vegna þess að víða brast fjör. Kom þá í ljós, að hrossabúið hafði verið stofnað af of miklum bómönnum, sem virtu andlega hæfileika of lágt.“ Þarna kemur Theodór einmitt að kjarna málsins en þegar rækta skal afkastahross er það viljinn sem skilur á milli feigs og ófeigs. Í greininni kveður Theodór og lofsöng til kynbóta eins og svo víða annars staðar í skrifum sínum og segir m.a.: „enginn getur framkvæmt kynbætur með úrvali, nema að hann beini allri sinni athygli að þessu vandaverki og athugi allt, er gefur upplýsingar í þessu máli. Maðurinn hefir þá hlotið að þroskast andlega fyrir þessa hugsanaraun, og því vitrari maður eftir.“ Þannig var Theodór það var ekki nóg að klára verkið og það var heldur ekki nóg að ná árangri heldur varð maðurinn að þroskast sem slíkur með verkum sínum.

Síðara verk Theodórs sem sérstaklega tengist Húnavatnssýslu eru *Sagnaþættir úr Húnaþingi* sem út komu á bók að honum látnum, árið 1941 en höfðu áður birst, að einhverju leyti allavega, í Lesbók Morgunblaðsins. Í þessu kveri sem er listilega skrifað er mikinn fróðleik að finna, m.a. um þá Þingeyrarfeðga: Ásgeir Einarsson stórbónda og þingmann og mikinn fylgismann Jóns forseta og son hans hestamanninn mikla Jón Ásgeirsson. Vel er gerð grein fyrir tilurð vísunnar kunnur:

Það er mas úr þér, vinur.

Þetta: Léttir dettur.

Aldrei rasar reiðskjótur

Rétt á sprettinn settur.

Og ekki vantar að maður skynjar vel skilning Theodórs á sárindum Jóns þegar hann varði vin sinn Létti og sannaði fótafimi hans með stórspretti sem ýtarlega er lýst í sögukaflanum. Í sagnaþáttunum dylst ekki listræn taug Theodórs og áhugi hans á þjóðlegum fróðleik. Hann var enda listunnandi, lék á orgel í frístundum og var söngmaður góður og á heimili þeirra hjóna var gestkvæmt og voru m.a. listamenn þar tíðir gestir, s.s. Sigvaldi Kaldalóns tónskáld og myndlistamennirnir, Guðmundur í Miðdal, Einar Jónsson, Ríkharður Jónsson og Höskuldur Björnsson.

Hér á undan gat ég um hversu mikla tiltrú Theodór hafði á mikilvægi kynbóta og kemur þar bæði fram kunnáttu á viðfangsefninu og hugsjón um eðli þess og mikilvægi. Það er raunar hvoru tveggja aðdúunarvert og eins hitt hve þessi eini námsvetur við Landbúnaðarháskólann í Kaupmannahöfn hefur sýnilega nýst honum, því það er nefnilega meira en að segja það að koma heiman frá Íslandi og lesa sér til gagns búfjárfræði með lokadeild háskólans. Þetta krefst bæði grundvallarkunnáttu í námsgreinunum og í dönsku.

Brýningar sínar til kynbóta fléttuði Theodór iðulegast inn í skrif sín, s.s. í starfsskýrslur og víðar en hann sýndi líka skemmtileg tilbrigði við þetta stef. Þannig birtist eftir hann grein í Almanaki hins íslenska þjóðvinafélags 1931 sem heitir *Saga gæðings*. Þetta er í raun fyrst og fremst skemmtifrásögn af stórættuðum arabahesti sem fyrir heimsku og vanþekkingu manna lenti í hinum verstu raunum en bjargaðist fyrir góðra manna tilstuðlan og ævarndi tryggð hirðis síns mikils máríks hestamanns. Á endanum fór allt vel og mikill ættbogi spratt út af umræddum graðhesti, samanber Ættbók enska veðreiðahestsins en lokaorð greinar Theodórs eru þessi: „Þetta getur verið bending um það, hvers virði eru kynbætur og kynrækt.“

Í greininni *Íslenski hesturinn og uppruni hans* sem birtist í Dvöl að Theodóri látnum árið 1940, vinnur hann út frá kenningunni að íslenski hesturinn sé afkomandi mongólahestsins. Það er að vísu umdeild kenning en hvað um það, þetta þýddi að íslenski hesturinn væri þannig skyldur arabíska hestinum en kynbæturnar á honum voru afar rómaðar og um það segir Theodór: „er þó engin ástæða til að efast um, að enn megi rækta Íslendinginn svo, að hann verði enginn ættleri.“ Síðar í greininni rekur hann margt sem ávannst í kynbótum á söguöldinni og segir: „Fram að kristnitöku studdi það og kynbæturnar, að bændur slátruðu hrossum í bú sín. Við það fjarlægðist rýrðin, og úrvalið því miklu öruggara en ella.“ Auðvitað er þetta hárréttur skilningur á mikilvægi úrvalsins í ræktunarstarfinu.

Í tveimur greinum sem báðar birtust í Búnaðarritinu gerir Theodór glögga grein fyrir stefnu sinni í leiðbeiningastarfinu í hrossaræktinni. Sú fyrri birtist árið 1921 og ber titilinn: *Akhestar og reiðhestar*, þar leggst hann eindregið á móti þeirri stefnu sem átti sér þá ýmsa fylgismenn að rækta bæri tvö hestakyn í landinu; vinnuhesta og reiðhesta. Í greininni lýsir Theodór nokkuð sínum draumahesti ef svo má segja, hesti sem á að geta nýst í heildina séð bæði sem vinnu- og reiðhestur. Þarna er um að ræða fyrst og fremst reiðhest en þó sínu minni og samanreknari hest en við viljum setja á oddinn í dag enda átti hann að geta sinnt vinnuhestshlutverkinu jafnframt og ólíku er saman að jafna þá og nú hvað varðar aðbúnað allan í heildina séð. Að Theodóri látnum varð þó breyting á og fól stjórn Búnaðfélagsins arftakanum, Gunnari Bjarnasyni, árið 1940 að hafa forgöngu um ræktun vinnuhests fyrir bændur. Þá hafði verið flutt til landsins mikið af heyvinnutækjum fyrir hesta en það sem háði íslenska hestinum þá var ekki fyrst og fremst smæðin heldur var það hve fælinn hann reyndist oft á tíðum gagnvart skröltandi tækjum sem honum var ætlað að draga. Þetta tímabil varð þó stutt og árið 1951 var markið sett á ræktun reiðhestsins með formlegri samþykkt búnaðarpings þar um. Sú síðari af þessum stefnumótunargreinum Theodórs birtist 1924 undir heitinu *Tillögur um hrossarækt* þar lýsti hann nánar hugsjón sinni gagnvart ræktunartakmarki o. fl. í hrossaræktinni, benti hann á ýmsa agnúa sem þá voru til staðar í hrossaræktarstarfinu og reifaði hugmyndir til úrbóta, t.d. að hrossaræktafélögin nái yfir of lítil svæði og verði þar af leiðandi of vanburða, þau þurfi því að stækka. Töluvert löngu síðar voru hrossaræktarsamböndin stofnuð og urðu megin eigendur undaneldishesta. Jafnframt hvetur Theodór til festu í vinnubrögðum en slíkt er sígilt grundvallaratriði í kynbótastarfi og segir hann: „Það sem mestu skiftir um þessa hluti er, að koma föstu skipulagi á, svo það lítið sem byggt er, sje ekki jafnóðum rífið niður, eins og víða viðgengst nú.“

Hvað aðferðafræði við kynbætur varðar var ekki komið að tómum kofunum hjá Theodóri. Hann gerði sér glögga grein fyrir mikilvægi ættarskráningar og hóf formlega færslu opinberrar ættbókar fyrir íslenska hrossakynið árið 1923 en þar voru skráðir stóðhestar sem bestir þóttu á hrossasýningum frá byrjun þeirra 1906, þ.e. þeir sem náðu a.m.k. 2. verðlaunum 4. vetra eða eldri. Einnig var hafin sambærileg færsla ættbókar fyrir hryssur. Þarna var sem sagt um úrvals ættbók að ræða, þ.e. einungis betri hluti stofnsins var færður til bókar og hrossunum gefin hlaupandi númer frá 1. Þetta var fín aðferð þegar hún var tekin upp en var viðhaldið of lengi eða allt til 1986 en þá fyrst var númerakerfið endurskoðað og hafinn undirbúningur að skrásetningu íslenska hrossastofnsins í heild. Einnig var Theodóri ljós þörfin á útfærslu matsaðferða en þannig segir hann í niðurlagi greinar í Búnaðarritinu sem hann kallaði: *Endurminningar frá hrossasýningum 1923*: „Einstaklings-sýningarnar eru aðeins leiðbeining í leitinni að kynbóta-skepnunum, en afkvæma-sýningarnar segja, hvaðan kostirnir komu, og það er fræðsla sem okkur liggur á. Því þurfum við að koma á afkvæma-sýningum sem allra fyrst.“ Afkvæmasýningar komust fljótlega á og lögðu mikilvægan skerf fram til árangurs í kynbótastarfi. Einn þáttur til viðbótar sem var ofarlega á baugi hjá Theodóri var áhersla á að greina úrvalsættir og stofna innan íslenska hrossakynsins. Þetta var prýðileg greiningaraðferð í upphafi leiks en fór löngu síðar út í það sem kalla má hreina vitleysu svo að tafði fyrir kynbótastarfi og gallagripir voru jafnvel afsakaðir með ættgöfgi, slíkt myndi aldrei hafa getað átt sér stað hjá jafn íhugulum skapfestumanni og Theodór var. Þessi tilhneiging er nú að mestu um garð gengin í hrossaræktarsögunni og núverandi

kynbótamat undaneldishrossa, svokölluð BLUP-aðferð ásamt með öflugtu tölvuvæddu skýrsluhaldi hefur fyrir hátt í tveimur áratugum leyst eldri aðferðir við afkvæmasýningar og ættargrufl af hólmi.

Þó að Theodór hafi verið mikill talsmaður kynbótastarfs finnst manni að þá fyrst leggi hann hjartað allt í boðunina þegar kemur að fódruun og meðferð. Hann er ákafur talsmaður fódurbirgðafélaga, eftirlits með skepnuhaldi og búfjártrygginga og reynir að fá menn í lið með sér og ekki síst þá sem ekki eru einlægir dýravinir að köllun. Til þeirra reynir hann ekki að höfða með vili og voli, það var ekki til í eðli Theodórs heldur með föstum rökum um að þarna sé mannúðar- og hagsmunahliðin sú sama og þá fyrst nái kynbæturnar takmarki sínu þegar meðferðin aftri ekki þroska. Það sé einfaldlega „rökrétt hagfræði að hirða og fódra hrossin vel“ eins og Theodór segir á einum stað. Jafnframt liggur fyrir að hann hefur haft trausta þekkingu á fódurfræði sem fræðigrein, t.d. kemur þetta vel fram í greinininni *Pangmjöl* sem birtist í Búnaðarritinu 1938.

Theodór gerði sér jafnframt ljóst að sveitabúskapurinn yrði að skila arði og tilvitnuð orð hérna áðan um að það væri rökrétt hagfræði að hirða og fódra vel eru einmitt úr grein um slíkt efni sem birtist í Búnaðarritinu 1922 undir heitinu *Hagfelldur hrossamarkaður* en þar var Theodór að brýna fyrir bændum hvernig bregðast mætti við minnkuðum útflutningi lífhrossa, s.s. með því frekar að slátra til nytja miðað við jafnan fjölda en ekki að hleypa stóðunum upp eða fara út í stórfækkun. Jafnframt tók Theodór þátt í tilraunum til eflingu hrossamarkaða, þannig skrifaði hann kynningargrein um íslenska hestinn í danskt bændablað; *Ugeskrift for landmænd* árið 1922. Nýmæli í hrossaútflutningi var síðan að Þjóðverjar komu hingað til lands að kaupa hross á árinu 1934 og keyptu þeir 200 hross flest úr Skagafirði, Húnavatnssýslu og Rangárvallasýslu. Greinir Theodór frá heimsókn þeirra með svofelldum hætti í starfsskýrslu sinni í Búnaðarritinu árið eftir:

Er Þjóðverjarnir skoðuðu hrossin hér, varð mér það strax ljóst, að þeir gerðu miklu harðari kröfur um byggingu þeirra, heldur en aðrir, sem hér hafa keypt hross til útflutnings. – Verði framhald á sölu hesta til Þýskalands, þarf að vanda þá sem bezt, því Þjóðverjar eru hestavandir, en hestar ganga þar, að jafnaði, hærra verði en í nágrannalöndum þeirra. Nú er eftir að vita, hvort Þjóðverjar eru svo snjallir hestamenn, að þeir átti sig á sérkennum „Íslendingins“, svo að þeim notist kostir hans.

Hvort sem einhver tengsl eru þar á milli eða ekki þá kom allsérstök þýsk sendinefnd til Íslands 1936, þ.e. tveimur árum síðar til að kanna staðhátta hér á landi, var hún á vegum nasistaforingjans Himmlers og er ýtarlega gerð grein fyrir henni í bókinni *Íslandsævintýri Himmlers* eftir Þór Whitehead. Ekkert kemur fram um hvort Theodór hafi hitt leiðangursmenn en ólíklegt er að þeir hafi ekki vitað af hinni fyrri heimsókn í alræðisríkinu sem Þýskaland var þá orðið. Þetta er hins vegar tekið til umfjöllunar hér vegna þess að stórhestamenn, búvísindamenn og bændur voru áberandi í hópi leiðangursmanna. Ástæða þess var að áhugi var m.a. á að kanna hvort íslenski hesturinn væri hinn forngermannski hestur, nokkuð sem mjög oft kom fyrir í skrifum Gunnars Bjarnasonar sem átti síðar eftir að opna þýska markaðinn en hvað nasistana varðaði var ástæðan kostuleg. Því ein af þeim grillum sem þeir

gengu með þegar þeir skópu þessa stefnu og sneru norrænum sagnaarfi m.a. á hvolf, var að endurreisa fornkastala á ákveðnum stað en þar áttu ríðandi riddaraliðssveitir að hafa haft aðsetur á öldum áður til að verja Evrópu fyrir nýrri innrás Húna. Þessa starfsemi vildu þeir endurreisa í táknrænu skyni en Þjóðverjunum þótti íslenski hesturinn þó full smár til að gegna þessu hlutverki eins og hann leit þá út.

Þrátt fyrir að pólóleikur á íslenskum hestum hafi aldrei fests í sessi eru þó til heimildir um að Theodór hafi tekið þátt í tilraunum til að fitja upp á slíku. Núna þegar íslenski hesturinn hefur náð fótfestu sem afar frambærilegur sporhestur í sínum greinum er gaman að rifja þetta upp, einkum til að sína með hvað opnum huga Theodór hefur gengið að verkefni sínu.

Theodór komst svo að orði í niðurlagi starfsskýrslu sinnar fyrir árið 1930: „Loks lauk ég við handrit að bók, um hesta, sem ég hefi unnið að í hjáverkum mínum síðastl. 3 ár.“ Fleiri voru þau orð ekki en hér er Theodór að fjalla um stórvirkið *Hestar* sem út kom 1931 sem fjórða ritið í floknum Búfræðirit Búnaðarfélagsins og var endurútgefin 1975. Bókin er mikil að vöxtum; 392 bls. auk 140 mynda, í formála gerir höfundur grein fyrir helstu ritum sem hann studdist við en það voru ýmis uppsláttarrit á dönsku. Bókin skiptist fjóra megin kafla sem skiptast síðan niður í fjölmarga undirkafla. Megin kaflarnir eru: Fyrsti kafli: Hestakyn, annar kafli: Auðkenni, bygging og gangur, þriðji kafli: Tamning og notkun og fjórði kafli: Hús, hirðing og fóður. Auðvitað er margt breytt frá því að bókin var skrifuð og ber að lesa hana með tilliti til þess en í fjölmörgu heldur hún gildi sínu. Leiðbeiningar allar um tamningu og meðferð eru í anda þess sem nú er efst á baugi og kallast „natural horsemanship“. Lokaorð texta bókarinnar eru frábær en þau eru svohljóðandi:

„Lengi býr að fyrstu gerð“. Þess vegna þarf að búa svo að hryssunum um meðgöngutímamann, að þær geti fætt af sér andlega og líkamlega hraust folöld. Þá er hægt að ala þau svo upp, að þau viti, hvað þau vilja, þori að gera það, sem þau vilja, og hafi þrek til að gera það, sem þau vilja, en tamningin er það, að fá hrossið til að vilja það, sem húsbóndinn vill. Þá er hrossið orðið það, sem það á að verða: Vinur mannsins og félagi, hjálp mannsins og öryggi, gleði mannsins og metnaður, því það vitnar um, hvílíkur maðurinn er. – Það er kvarðinn sem mælir alla rétt.

Allir ritdómar og umsagnir sem um bókina birtust voru á einn veg; einróma lof. Á einum stað var þannig sagt að ekki hefði verið betur ritað um uppeldismál heilt yfir á íslensku en sá kafli í Hestum sem fjallaði um tamningu. Í öðrum ritdómi sem var eftir Magnús Bjarnason frá Prestsbakka á Síðu, voru mælt þau spámannlegu orð að bókin yrði ómissandi í þeirri ræktunarbyltingu sem biði íslenska hestsins og verð hennar myndu allir hesteigendur sem keyptu bókina spara sér margafaldlega með því að fylgja leiðbeiningum hennar og fyrirmælum. Í ritfregni í dagblaðinu *Vísi* er m.a. komist svo að orði: „Og fletti maður upp myndahluta bókarinnar og beri úrvalsgripina þar saman við óræktarlegu, margkúguðu og „drepnu“ og að öllu leyti illa hirtu drógarnar, sem svo víða getur að líta, þá getur manni ofboðið munurinn sem stafar af aldagamalli vanþekkingu, skilningsleysi og rótgrónu smekkleysi manna á fögru og ljótu, góðu og lélegu.“ Landpósturinn Þjóðfrægi Sigurjón Sumarliðason skrifaði um bókina, lofsamlega og segir: „Enda sýnir Theodór kenningu sína í

verkinu, því betur meðfarna langferða-hesta en hans hefi ég ekki séð.“ Dýralæknirinn mikli, Sigurður E. Hlíðar skrifar ekki síður lofsamlega um bókina og segir: „Á hún sannarlega erindi til allra sem hestum unna, og er ekki að efa, að þeir kunni að meta hana á rjettan hátt, því **bókin er góð.** –“

Annað megin ritverk Theodórs um hesta er bókinn *Járningar* sem út kom 1938 og var endurútgefin lítillega staðfærð árið 1970. Bókin var í sömu ritröð og *Hestar*, þ.e. Búfræðirit Búnaðarfélagsins og var hið fimmta í röðinni. Bókin leysti úr brýnni þörf en þá eins og lengi síðar var hið mesta ólag á járnungum og hófhirðu hrossa hér á landi. Gaman er að geta þess að Gerður fósturdóttir þeirra hjóna Theodórs og Ingibjargar, þá á 14. aldursári teiknaði töluvert af skýringarmyndum þeim sem í bókinni er að finna undir handleiðslu fósturföður síns og Ingibjörg kona hans var honum hin mesta stoð í þessum skrifum sem öðru.

Fyrir liggur að Theodór Arnbjörnsson elskaði og dáði hestinn, hafði mikið vit á hestum, kunni með þá að fara og njóta þeirra. Hann var sannur hestamaður en hann bar að auki mikla hugsjón í brjosti fyrir hönd landbúnaðarins og hvatti bændur til að standa sig; að reynast „Nýtir menn í sinni stétt“ eins og hann orðaði það á einum stað. Þessi hugsjón og boðskapur skín í gegnum skrif hans fyrr og síðar og má í því sambandi minnst á fyrirlestur sem Theodór flutti hér á staðnum þann 15. nóvember 1913 og bar heitið *Þýðing landbúnaðarins* og birtist í *Frey*. Hann vildi sjá landbúnaðinn rekinn af list með því að menn í störfum sínum sameinuðu þekkingu, glögga athugun og fegurðartilfinningu.

Það er ánægjulegt og hvergi betur við hæfi að minnst glæsilegs lífsstarfs fyrsta hrossarækarráðunautarins, Theodórs Arnbjörnssonar en hér á Hólum í Hjaltadal, höfuð menntasetri fræða og reiðlistar á íslenskum hestum. Þar sem við stöndum í dag í störfum okkar er borið uppi af stoðum sem forverarnir reistu með verkum sínum. Lífsstarf Theodórs Arnbjörnssonar er þar öflug stoð úr eik, stálið er of hart sem myndlíking um lífsverk manns með jafn heitt hjarta og Theodór hafði. Eikin er kannski gróf og hrikaleg að sjá en svo hlý viðkomu og gegnheil.

Kristinn Hugason.